

10. fundur stjórnar

Fundur var haldinn í stjórn landssambands DKG á Bakkastöðum 119, kl. 15.00 mánudaginn 4. febrúar 2019.

Mættar voru: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og á Skype voru Eygló Björnsdóttir, Jónína H og Helga M. Steinsson.

Dagskrá:

1. Fara yfir breytingartillögur á kynningarbæklingi DKG og ákveða næstu skref. JB

Farið var yfir breytingartillögur og þær samþykktar með smá breytingum. Ingibjörg Einarsdóttir ætlar að taka að sér að fylgja prentun eftir. Jóna biður IE að lesa yfir bæklinginn áður. Hann fer síðan beint í prentun.

2. Staðan á ráðstefnuundirbúningi IEG

Skráning hefur hafist og er þátttökugjald DKG kvenna kr. 16.000.- fyrir utan viðburði. Einnig fór bókun á ráðstefnuhótel í loftið og eru um 22 bókanir komnar inn og bókun í ferðir er einnig farin í gang og eru 4 bókaðir í aðra ferðina (á Reykjanes). Dagskrárnefnd er langt komin með prógrammið og verður það uppfært á vef fljótlega. Það á þó eftir að manna eina lotu af fjórum og upphafserindi hefur ekki verið ákveðið í fyrstu lotu. Kvölddagskrá er í mótun og verður fyrsta kvöldið Iceland by night í Golfskálanum í Mosfellsbæ. Spurt var um vinnustofur, þar eru 30 umsóknir og framundan að fara yfir þær og leggja til hverjar fá jákvætt svar. Svör hafa borist seint undanfarin ár, en við reynum að passa að það gerist ekki núna. Virðist vera að við þurfum að prenta dagskrárþækling, en við ætlum að hafa hann í minna lagi, aðallega dagskrá og vinnustofur. Jóna kynnti fyrir HQ app og var að leggja til að það væri notað, en fékk ekki miklar undirtektir.

3. Gistingarmál fyrir eistnesku konurnar HGH.

Helga G sagði frá því að þær séu ekki fjáðar. Þær eru 25 talsins og þarf mikið rými fyrir þær. Helga hefur haft samband við Gammakonur til að fá nöfnin þeirra lánuð til að fá íbúðir gegnum Kennarasambandið. Fundur verður í vikunni hjá stjórn orlofshúsa og verður fundað um hvort þetta verður leyft, en þetta er utan reglna. Starfsmenn sambandsins hafa tekið vel í þessa beiðni, þannig að það er meðbyr. En svarið kemur í vikulokin eða byrjun næstu viku. Ef við fáum þessar íbúðir, þarf landssambandið líklega að ganga frá greiðslu fyrir íbúðirnar og rukka eistnesku konurnar í framhaldinu. Samþykkt að gera þetta, ef á þarf að halda.

4. Frá laganefnd JB

Laganefnd situr sveitt við að fara yfir 240 lagabreytingartillögur frá þinginu í fyrra. Laganefndin er búin að senda fyrirspurnir til lögsögumanns alþjóðasamtakanna. Nefndin ætlar að senda stjórninni tillögurnar fyrir 1. mars. Þetta verða sennilega margar tillögur sem leggja þarf fyrir aðalfund. Þetta ferli getur orðið tímafrekt. Lögin eru þýdd og kynnt, en reglugerðarbreytingar þurfa að fara fyrir landssambandsfundinn og þarf samþykkt 2/3 hluta atkvæða þeirra sem sækja fundinn.

5. Staðan á Landssambandsþinginu HS og JB

Kappa- og Alfadeild sjá um þingið, Jóna hitti þær í hádeginu. Þær eru búnar að bóka sal Kvennaskólans, og semja við kokk skólans um morgunhressingu, hádegisverð og hressingu í lokin. Leigan á húsnæðinu er 40.000, en veitingar eru á 3.000 kr. fyrir daginn. Salurinn tekur 120 manns, en það hafa ekki mætt nema 35-40 á þingið. Lace Mary Brokden verður fulltrúi Alþjóðasamtakanna, hún óskar eftir að halda erindi fyrir hádegi fyrir aðalfund um félagsmál DKG. Hún bauð líka fyrirlestur eftir hádegi, ef við viljum. Hún er við menntavísindasvið Ontario háskóla. Menntamálanefndin er upplýst um þetta, en hún sér um dagskránnar eftir hádegið.

Það þarf að kynna lagabreytingartillögur í byrjun mars. Óskað er eftir að menntamálanefndin skili af sér um miðjan mars. Lace Mary vill funda með gjaldkerum allra deilda eftir þingið. Jóna sendir þeim póst og afrit til formanna og boðar þær til fundarins. Samþykkt að landssambandið greiði ferðakostnað gjaldkera á þennan fund, sem er haldinn í kjölfar landssambandsþings. En mikilvægt að brýna fyrir þeim að vera hagsýnar varðandi ferðakostnað, þanta flugfar snemma eða sameinast í bíla ef það er mögulegt. Samþykkt að leggja til að Helga M. Steinsson verði fundarstjóri, en þessa tillögu þarf að leggja fyrir þingið, svo og ritara.

6. Umsögn um frumvarp JB

Jóna skráði samtökin á lista hjá Alþingi. Þeir eru hættir að senda út á póstlista, heldur þarf að fylgjast með í gátt hvaða frumvörp eru til umsagnar. Jóna tók eftir þessu of seint til að koma umsögn inn núna um frumvarp um leyfisbréf kennara. Jónína telur að frumvörp komi aftur inn til umsagnar. Við erum sammála því að það sé lágmark að stjórn sé sammála um umsögn. IEG telur að það væri æskilegt að formönnum væri líka send umsögn áður en landssambandið sendir inn. Stjórnin telur skynsamlega vinnuaðferð að senda formönnum deilda tilkynningar um frumvörp sem eru á samráðsstigi og hvar hægt sé að senda inn athugasemdir eða umsagnir.

7. Önnur mál

- a. Hvað er landssambandið tilbúið til að leggja mikið af mörkum til alþjóðaráðstefnunnar. Samþykkt að leggja fram 500 þúsund, ef nauðsyn ber til.
- b. JV leggur fram pappíra um tilkynningu á breytingu á stjórn og breytingu á heimilisfangi hjá ríkisskattstjóra og hún þarf að senda með undirrituð lög félagsins. Stjórnarmenn undirrituðu lög og tilkynningar. Það þarf að koma á því verklagi að stjórnarbreytingar séu tilkynntar til ríkisskattstjóra um leið og ný stjórn tekur við.
- c. Rætt var um að fjárhagsstaða samtakanna væri mjög góð og það væri gaman að hugsa um hugmyndir að því hvað við getum styrkt, t.d. að styrkja konur til að koma á alþjóðaráðstefnuna, eða styrkja konur betur til að fara á ráðstefnu erlendis. Væri æskilegt að þetta færi í gegnum deildir, sem myndu sækja um styrk? Eða niðurgreiða kostnað við þátttöku með einhverjum hætti. Samþykkt að landsambandið greiði kostnað við veitingar á landssambandsþingi og þátttökugjald verði eingöngu 1.000.-kr. Þetta verður kynnt sérstaklega og konur hvattar til að koma. Konur hafa getað sótt um styrki til að fara á alþjóðaráðstefnu ef þær eru með erindi. Það væri ávinningur ef hægt væri að fjölga þeim sem fara á ráðstefnur. Það mætti fjölga styrkjum til annarra kvenna, en næsta ráðstefna er ekki fyrr en eftir að okkar tímabili lýkur, þannig að við myndum ekki taka þessa ákvörðun.
- d. Það hefur ekki gengið nógu vel að fá myndir af konum inn í félagatalið. Á fundinum kom fram að það er verið að taka myndir af konum á deildarfundum. Umræða um hvort hægt sé með einhverjum hætti að sameina félagatöl deildanna í eitt heildarfélagatal. Samþykkt að ræða málið við félaganefndina.
- e. Golden gift sjóðurinn. Það hafði verið samþykkt að leggja 1 dollar fyrir hverja konu í landssambandi í sjóðinn. Einhver áhöld voru um hvort þetta hefði verið gert í samtali JB við alþjóðasamtökin. En Jensína staðfesti að þetta hefur verið gert undanfarin ár.
- f. JV sagði að talað hefði verið um að loka reikningi í Landsbankanum. Jensína vill ekki gera það fyrr en bankinn hefur svarað fyrirspurn um styrk vegna alþjóðaráðstefnunnar.
- g. Næsti fundur verður haldinn 26. mars kl. 19.30 á Skype.

Fleira gerðist ekki og lauk fundi um kl. 17.30.